

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 21. nóvember 2023
Mál nr. 2311024 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir nr. 80/2020 (samfélagsvegir), mál nr. 71/2023.

Á 1197. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 20. nóvember 2023 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir nr. 80/2020 (samfélagsvegir), tekin til umfjöllunar. Svohljóðandi var bókað:

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir. Í breytingunni felst að sveitarfélögum er gert heimilt að standa fyrir stofnun félaga um tiltekna vegaframkvæmdir og rekstur með einkaaðilum eða félagasamtökum vegna uppbyggingar vega sem uppfylla ákveðin skilyrði. Málið var áður á dagskrá 1169. fundar byggðarráðs þann 6. mars 2023. Svohljóðandi var bókað:

"Ljóst er að um langt skeið hefur uppbygging samgöngumannvirkja verið stórlega vanfjármögnuð. Um land allt er brýn þörf á uppbyggingu stofn- og tengivega sem miðað við það fjármagn á samgönguáætlun er áætlað til slíkra verka, mun taka áratugi að ljúka. Húnaþing vestra hefur ekki farið varhluta af skorti á uppbyggingu vega. Þess vegna er framlagningu frumvarpsins fagnað þar sem í því eru kynntar leiðir sem stuðla eiga að tækifærum til flýtingar stærri framkvæmda sem uppfylla ákveðin skilyrði. Með því losna fjármunir til annarra verka. Þó svo að frumvarpinu sé fagnað er þó vert að undirstrika það sem tekið er fram í greinargerð að ekki sé gerð krafa um framlög sveitarfélaga til slíkra framkvæmda heldur forystu þeirra um stofnun félaga til að hraða framkvæmdum. Ekki er hlutverk sveitarfélaganna að bera kostnað af slíkum framkvæmdum heldur er það ábyrgð ríkis. Hins vegar þekkjja sveitarfélögin vel hvar þörfin er brýnust og því er aðkoma þeirra að félögum sem kunna að vera stofnuð um tiltekna framkvæmdir mikilvæg. Flestir landshlutar hafa unnið staðbundnar samgönguáætlanir og er Norðurland vestra einn þeirra. Því miður hefur borið á því að þær áherslur sem lagðar eru fram í þeim áætlunum eru ekki virtar í ákvörðunum um framkvæmdir. Í greinargerð með frumvarpinu er lögð áhersla á vilja heimamanna og tekur byggðarráð heilshugar undir mikilvægi þess að sá vilji sé virtur. Brýn nauðsyn er til að leita nýrra leiða til að bæta vegi á Íslandi. Því ber að fagna framlagningu frumvarpsins sem kynnir nýja og framsækna leið til að flýta brýnum framkvæmdum á landsbyggðinni. Því styður byggðarráð Húnaþings vestra að frumvarpið nái fram að ganga."

Málið er nú lagt fyrir aftur í óbreyttri mynd. Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis samhljóða umsögn um málið.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúð til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.